

## **158. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands**

### **24. júní 2008, kl. 13:00 á Austurvegi 56**

Mætt: Ragnheiður Hergeirsdóttir, Örn Þórðarson, Ólafur Áki Ragnarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson sem einng ritaði fundargerð í tölvu.

- 1. Útboð á söfnun pappírs og endurvinnanlegra efna.**  
Framkvæmdastjóri skýrði frá helstu atriðum í útboðinu og upplýsti að útboðsgögn séu komin í dreifingu og tilboð verði opnuð 17. júlí.
- 2. Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.**  
Lagt fram til kynningar minnisblað um stöðu í framkvæmd samstarfssamings aðila frá janúar 2008. Lögð fram bréf frá Flóahrepp og Hveragerði þar sem hvorugt sveitarfélagið staðfesta ákvörðun Sorpstöðvar Suðurlands frá 20. desember.
- 3. Grænt bókhald.**  
Framkvæmdastjóri upplýsti að grænt bókhald ætti að verða tilbúið fyrir stjórnarfund í júlí.
- 4. Förgun ehf.**  
Kynntar umræður frá aðalfundi Förgunar sem haldin var 24. júní. Á fundinum var lögð fram eftirfarandi bókun.

#### ***Bókun Sorpstöðvar Suðurlands varðandi fyrirliggjandi lausaffjóranda Förgunar ehf.***

*Stjórn Sorpstöð Suðurlands telur kjötmjölsverksmiðju Förgunar ehf. gegna mikilvægu hlutverki í rétttri úrgagnsmeðhöndlun á Suðurlandi. Uppfærsla á búnaði verksmiðjunnar sem staðið hefur yfir er kostnaðarsöm en engu að síður nauðsynleg til að tryggja hagkvæman rekstur hennar til frambúðar. Stjórn Sorpstöð Suðurlands getur ekki aflað heimilda til kaupa á viðbótarhlutafé í verksmiðjunni eða gengist í ábyrgðir fyrir rekstur hennar nema með undangengnu samþykki eigenda sinna (aðildarsveitarfélaga). Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands mun leita eftir heimildum hjá eigendum til kaupa á auknu hlutafé að upphæð allt að 6 milljónir sem kæmi til greiðslu í lok september. Miðað sé við að samtals væri keypt aukið hlutafé í Förgun allt að upphæð 15 milljónir en það er í samræmi við fjárförf sem kemur fram í rekstrar og greiðsluáætlun Förgunar 2008 – 2010.*

*f.h. stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands  
Ragnheiður Hergeirsdóttir formaður stjórnar*

**5. Umhleðslustöð.**

Framkvæmdstjóri lagði fram minnisblað um hönnun frá Mannvit.

**6. Heimasíða.**

Uppfærsla heimasíðu lokið og ný slóð gerð virk. [www.sorpstodsudurlands.is](http://www.sorpstodsudurlands.is)

**7. Húsnæðismál.**

Lagt fram til kynningar uppdrættir og greinargerð frá Auðhumlu.

**8. Fundargerð verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu sveitarfélaga á sviði úrgangsmála.**

Fundargerð 3ja fundar verkefnisstjórnar lögð fram til kynningar.

**9. Önnur mál.**

a. Landvernd- Vistvernd í verki

Samþykkt að framkvæmdstjóri gangi frá samningi við Landvend um verkefnið.

Næsti fundur ákveðinn 23. júlí 11:00

Fleira ekki gert og fundi lokið kl 14:45